

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 132 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn þriðjudaginn 23.apríl 2024 kl. 16:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Guðlaugur Friðþórsson, Agnes Einarsdóttir, Helga Kristín Kolbeins, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfiörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Sigurbergur Ármannsson boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Þriggja mánaða uppgjör.**

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur fyrstu 3 mánuði 2024. Rekstur hefur gengið betur en gert var ráð fyrir í áætlun. Framkv.stjóra er þökkun yfirferðin.

2. **Starfsmannamál -fært í sérstaka trúnaðarfundargerð.**

3. **Siglingaáætlun 1.júlí – 11.ágúst 2024.**

Framkvæmdastóri lagði fram tillögu að breyttri áætlun tímabundið, bæta við 8.ferðinni á dag frá 1.júlí til 11.ágúst 2024, til að reyna að koma til móts við aukna þörf viðskiptavina á þessu tímabili. Siglingar frá Eyjum kl. 07:00, 09:00, 11:00, 13:00, 16:00, 18:00, 20:00 og 22:00. Frá Landeyjahöfn kl. 08:00, 10:00, 12:00, 14:00, 17:00, 19:00, 21:00 og 23:00. Strætó hefur verið látinn vita af breyttum siglingatímum. Stjórn samþykkir breytta áætlun.

4. **Önnur mál.**

Lagður var fram nýr samstarfssamningur við ÍBV íþróttafélag til næstu þriggja ára. Sæunn Magnúsdóttir formaður ÍBV vék af fundi meðan málefni íþróttafélagsins voru rædd. Stjórn samþykkir samninginn.

Fundi slitið kl. 17:00, næsti stjórnarfundur er áætlaður 21.maí 2024.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.